

Skýrslur Félags héraðsskjalavarda á Íslandi I

SKJALASÖFN KVENFÉLAGA
OG FÉLAGA KVENNA

í héraðsskjalasöfnum á Íslandi



Desember MMIX

Útgefandi: Félag héraðsskjalavarða
Samantekt og ritstjórn: Hrafn Sveinbjarnarson
Umbrot: Gunnar Marel Hinriksson

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Héraðsskjalasafn Austfirðinga	13
2. Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar	16
3. Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	17
4. Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga	19
5. Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	20
6. Héraðsskjalasafn Árnesinga	21
7. Héraðsskjalasafn Kópavogs	25
8. Borgarskjalasafn Reykjavíkur	27
9. Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	30
10. Héraðsskjalasafn Akraneskaupstaðar	31
11. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	33
12. Héraðsskjalasafn Dalasýslu	36
13. Héraðsskjalasafn Ísfirðinga	37
14. Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu	38
15. Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu	40
16. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	43
17. Héraðsskjalasafn Siglufjarðar	46
18. Héraðsskjalasafn Svarfdæla	47
19. Héraðsskjalasafnið á Akureyri	49
20. Héraðsskjalasafn Þingeyinga	55
21. Viðauki: Þjóðskjalasafn Íslands	58

Inngangur

Um átaksverkefni um skjöl kvenfélaga og félaga kvenna á vegum Félags héraðsskjalavarða á Íslandi

Héraðsskjalasöfn, skjöl og skjalavarsla

Á Íslandi starfa 20 héraðsskjalasöfn á vegum þeirra sveitarfélaga er að þeim standa. Þau starfa skv. lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands og reglugerð nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn.

Héraðsskjalasöfnin gegna lykilhlutverki í skjalavörslu sveitarfélaga og stofnana þeirra, en þeim er skylt að afhenda öll skjöl sín til varðveislu viðeigandi héraðsskjalasafni.¹ Einnig gegna þau lykilhlutverki við varðveislu og vörslu skjalasafna fyrirtækja, félaga og einstaklinga um land allt, hvert í sínu umdæmi.

Eðli héraðsskjalasafna er því að vaxa, því sífellt bætist við skjöl í þeirra vörslu og skyldur þeirra aukast í réttu hlutfalli við það. Tryggja verður aðgengi að skjölum þeim sem varðveitt eru, en jafnframt verður að tryggja persónuöryggi þeirra sem fjallað er um í skjölunum eins og lög standa til og siðareglur skjalavarða. Með þeirri fagmennsku sem aðeins er kostur á að byggja upp í opinberum skjalavörslustofnunum í lýðræðislegu, opnu og borgaralegu þjóðfélagi, er varsla skjalasafna, jafnt opinberra sem úr eigu einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja, best tryggð. Valdmörk borgaralegs réttarríkis, virðing fyrir einkalífi manna og réttindum þeirra og að hafa rétt manna til skjala í hávegum eru hornsteinar þeirrar starfsemi sem fram fer á opinberum skjalasöfnum. Skjalavörslustofnanir verða að standa óháð dægurflugum og markaðslögmálum.

Stundum virðist lítið á skjöl sem svo sjálfsgöð að þau séu einhvern veginn alltaf fyrir hendi. Af sjálfsdáðum aðgengileg eftir dyntum, duttlungum og þörfum manna. Vegna slíkra ranghugmynda grípa

1 Gagnvart sveitarfélögum sem ekki standa að héraðsskjalasafni gegnir Þjóðskjalasafn Íslands hlutverki héraðsskjalasafns. Þau sveitarfélög sem svo er ástatt um eru: Árneshreppur, Bæjarhreppur, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Kjósarhreppur, Seltjarnarneskaupstaður, Garðabær, Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Álftanes, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.

menn ósjaldan í tómt þegar finna á til eitthvað til að byggja á við sagnaritun eða rannsóknir.

Mikilvægustu skjöl glatast sem ómerkasta rusl ef andvaraleysi gagnvart mikilvægi skjalasafna og skjalavörslu fær að ríkja óáreitt við dagleg störf fólks. Meðvitund almenningu um mikilvægi skjala og skjalavörslu er nauðsynleg forsenda réttarríkis og opins borgaralegs þjóðfélags.

Skjöl, skv. innihaldi sínu og því samhengi sem þau eru varðveitt í tryggja réttindi, hjálpa við að halda endurminningum óbrennluðum og eru efniviður sagnfræðinga og sagnaritara, með öllu því sem þessu fylgir, t.d. að vera innblástur listamönnum og margt fleira. Skjöl eru samofin menningu Íslendinga eins og annarra vestrænna menningarþjóða.

Átaksverkefni um skjalasöfn kvenfélaga og félaga kvenna

Á stofnfundi Félags héraðsskjalavarða á Íslandi 27. mars 2009 var tekin ákvörðun um að félagið skyldi standa fyrir átaksverkefnum um að taka skjalasöfn til varðveislu í héraðsskjalasöfnin, bæði til þess að skjölin skiluðu sér og til þess að vekja almenning til vitundar um mikilvægi opinberra skjalavörslustofnana og þess hlutverks þeirra að tryggja vörslu og aðgengi að skjölum.

Einn mikilvægur þáttur í menningarlífi Íslendinga er starfsemi félaga og samtaka kvenna.² Slíkan félagsskap er að finna út um allt land og varð því að ráði að láta fyrsta átaksverkefnið um að hvetja til afhendinga skjalasafna snúast um hann. Verkefnið hófst 15. apríl

2 Uppruna allrar frjálsrar félagshreyfingar á Íslandi má rekja til sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og gildir það jafnt um kvenfélög sem önnur félög. Fjöldi rita og greina um sögu íslenskra kvenfélaga og félaga kvenna er til á prenti. Kvenfélög og félög kvenna eru af ýmsum toga t.d. Delta, kappa, gamma, Sinawik, Inner Wheel (Rótary), Málfréyjur (þ.e. ITC eða International Training in Communication), Lionessklúbbar, Soroptimistaklúbbar, Zontaklúbbar, kvenfélög kirkna, líknarfélög kvenna, stjórnmalafélög kvenna, heimilisiðnaðarfélag, íþróttafélög kvenna, stéttar- og fagfélög kvenna, kvenréttindafélög og kvenfélagasambönd héraðsbundin og á landsvísu. Lög og samþykktir félaganna hafa ósjaldan verið prentuð. Einnig hafa verið útgefin sérstök tímarit kvenna t.d. Hlín, Húsfreyjan og Vera. Ekki er þess kostur að vísa nákvæmlega til alls þessa hér. Skjalasöfn margra þessara félaga eru varðveitt í héraðsskjalasöfnunum eins og sjá má á þessari skrá.

2009. Í fyrstu var áformað að ljúka átakinu formlega um miðjan ágúst en það varð að ráði að draga það fram í miðjan nóvember.

Í 24. tölulið 4. greinar reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 er kveðið á um að héraðsskjalasöfnin skulu m.a. varðveita skjalasöfn „leikfélaga og annarra menningarfélaga, þ. á. m. kvenfélaga.“ og er vísað til ákvæðis 5. greinar laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 um afhendingarskyldu. Kvenfélög eru ekki afhendingarskyld um skjöl sín til héraðsskjalasafna nema þau „njóti verulega styrks af opinberu fé“. Líklega eru fæst félaganna í þeirri stöðu. Reglugerðin hnykkir því fremur á skyldum héraðsskjalasafnanna til varðveislu skjalasafna kvenfélaga en að fela í sér almenna skyldu kvenfélaga til að afhenda skjöl sín þangað. Hvatningin er hins vegar augljós og ákvæðið tryggir skjalasöfnum kvenfélaga öruggan vörslustað í héraðsskjalasöfnunum.

Norrænn skjaladagur er ár hvert haldinn hátíðlegur af skjalasöfnum á öllum Norðurlöndunum, á Íslandi af Þjóðskjalasafni Íslands og héraðsskjalasöfnunum. Bar hann upp á 14. nóvember 2009. Þar sem héraðsskjalasöfnin höfðu þá unnið að átaksverkefninu um kvenfélög og félög kvenna þótti tilvalið að gera konur og kvenfélög að viðfangsefni dagsins. Voru haldnar sýningar í skjalasöfnunum og gefnir út sögukaflar um konur og kvenfélög á sérstökum vef á netinu.

Kvenfélagasamband Íslands studdi Félag héraðsskjalavarða í átaksverkefninu m.a. með aðstoð við að ná til forsvarsmanna kvenfélaga og eru því færðar bestu þakkir. Fjallað var um átakið í fjölmiðlum, m.a. í tímariti Kvenfélagasambands Íslands, *Húsfreyjinni*. Þótt átakinu hafi formlega lokið 15. nóvember 2009 þá munu skjalasöfn kvenfélaga og félaga kvenna berast héraðsskjalasöfnunum áfram og mörg félög hafa þegar, í sambandi við átakið, boðað afhendingu skjala sinna.

Fyrir utan ágætan afrakstur átaksins í afhendingu skjala, sem búast má við að muni verða meiri á næstu mánuðum og árum, má draga nokkra lærdóma af því sem héraðsskjalaverðir urðu áskynja meðan á því stóð og velta ýmsu fyrir sér um skjalasöfn frjálsra félagasamtaka og stöðu skjalavörslustofnana á Íslandi.

Skjalasöfn kvenfélaga í vörslu héraðsskjalasafna á Íslandi 15. nóvember 2009

<i>Skjalavörslustofnun</i>	<i>Stofnár</i>	<i>Fjöldi safna fyrir áttakið (hm)</i>	<i>Afhendingar v. áttaksins (hm)</i>	<i>Alls fjöldi safna í nóv. 2009 (hm)</i>
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	1976	9 (1,26 hm)	2 (0,14 hm)	10 (1,4 hm)
Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar	1979	1 (0,15 hm)	0	1 (0,15 hm)
Héraðsskjalasafn A-Skaftafellssýslu	1965	6 (0,73 hm)	2 (0,17 hm)	7 (0,9 hm)
Héraðsskjalasafn Rang. og V-Skaft.	1988	1 (0,07 hm)	0	1 (0,07 hm)
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	1980	0	1 (0,5 hm)	1 (0,5 hm)
Héraðsskjalasafn Árnesinga	1985	5 (0,83 hm)	8 (3,15 hm)	13 (3,98 hm)
Héraðsskjalasafn Kópavogs	2000	2 (3,62 hm)	1 (0,3 hm)	2 (3,92 hm)
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	1954	9 (6,82 hm)	1 (0,2 hm)	10 (7,02 hm)
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	2001	0	1 (0,4 hm)	1 (0,4 hm)
Héraðsskjalasafn Akraneskaupstaðar	1993	3 (1,57 hm)	0	3 (1,57 hm)
Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	1961	13 (3,96 hm)	0	13 (3,96 hm)
Héraðsskjalasafn Dalasýslu	1993	1 (0,07 hm)	0	1 (0,07 hm)
Héraðsskjalasafn Ísfirðinga	1952	6 (7,83 hm)	0	6 (7,83 hm)
Héraðsskjalasafn V-Húnavatnssýslu	1963	4 (0,5 hm)	0	4 (0,5 hm)
Héraðsskjalasafn A-Húnavatnssýslu	1966	6 (0,97 hm)	0	6 (0,97 hm)
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	1947	12 (4,27 hm)	2 (0,3)	12 (4,57 hm)
Héraðsskjalasafn Siglufjarðar	1984	vantar	vantar	vantar
Héraðsskjalasafn Svarfdæla	1980	3 (5,5 hm)	0	3 (5,5 hm)
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	1969	24 (9,52 hm)	2 (1)	24 (10,52)
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	1962	9 (0,63)	2 (0,12)	10 (0,75 hm)
<i>Alls</i>		<u>114 (48,3)</u>	<u>22 (6,28)</u>	<u>126 (54,58)</u>

Héraðsskjalasöfnunum er raðað upp skv. hefð frá Helkunduheiði og Skoruvíkurbjargi á Langanesi sólarinnis í kringum landið. Í næstafasta dálki töflunnar er um afhendingar að ræða, stundum eru þær frá kvenfélögum sem hafa áður afhent skjöl, þess vegna verður fjöldur skjalasafna ekki alltaf sem þessum afhendingum nemur í aftasta dálki.

Fjöldi kvenfélaga sem starfar eða hefur starfað í hverju umdæmi liggur ekki fyrir hér enda erfitt að ná slíku yfirliti saman. Erfitt er að bera saman héraðsskjalasöfnin sem eru ólík að stærð og aðbúnaði og meta frammistöðu þeirra og árangur. Veltur þetta mjög á héraðsskjalavörðunum, staðbundinni aðstöðu þeirra, vinnuálagi og áhuga. Ljóst er að án héraðsskjalasafnanna væri ýmislegt glatað eða óaðgengilegt af þessum skjölum.

Blikur eru á lofti þar sem almenn áhersla er orðin meiri á óskjalafestar upplýsingar í stað eiginlegra skjala í starfsemi frjálsra félagasamtaka. Þessi þróun helst í hendur við þróun í opinbera geiranum og hjá fyrirtækjum. Tölvuvæðing hefur víða einkennst af skammtímahugsun og fyrirhyggjuleysi ekki síst með tilliti til gildis og endingar gagna. Síndarmennska af ótta við að sýnast úreltur eða á eftir í tækni hefur oftast en ekki verið á kostnað skjalaöryggis og er viðbúið að afleiðingar þess verði alvarlegar og víðtækar. Upplýsingum hefur víða verið komið fyrir á hverfulu og skammlífu formi í stað hins stöðugra og endingarbetra pappírforms. Rafræn gögn eru ósjálfstæð og hafa því hverfandi lítið réttargildi á við skriflega gjörninga á pappír. Gildir einu hvaða yfirlýsingar um gildi óstöðugra og hverfulla gagna eru gefnar út, þau halda áfram að vera óstöðug og hverful þrátt fyrir þær. Þau eru einnig óáreiðanlegri sem sögulegur vitnisburður. Varðveisla hefðbundinna skjala á pappír hefur reynst gloppótt og hætt er við að gögn á hverfulla formi muni varðveitast mun verr. Þetta er mikið áhyggjuefni skjalavarða um allan heim.

Rafræn varðveisla á gögnum frá félagasamtökum og einstaklingum er of kostnaðarsöm til að vera framkvæmanleg. Slíka gagnavarðveislu yrði að skipuleggja fyrirfram og hafa stöðugt í huga jafnframt því sem gögn væru mynduð. Vafasamt er að það sé mögulegt fyrir frjáls félagasamtök sem hafa uppi fjölbreytilega starfsemi sem ekki er niðurnjörvuð og fastbundin með löngum fyrirvara og auk þess fjármögnuð án digurra sjóða og gjöflla tekjulinda.

Það vekur nokkrar áhyggjur að færsla fundargerðabóka virðist á undanhaldi í félagasamtökum á Íslandi og að bréfleg samskipti fara nú að miklu leyti fram í gegnum tölvupóst. Reikningshald er víða á tölvuformi, en ekki fært í bækur eins og áður. Oft er þetta án þess að hugsað sé til þess að vitnisburðurinn þurfi að varðveitast og hafa

staðfestingargildi um ákvarðanir og atburði til langframa. Hætt er við að þessi gögn glatist í einkatölvum þess fólks sem gegnir ábyrgðarstöðum fyrir félagasamtökin eða þyki svo ófýsileg og óárennileg útlits í útprintun að duglegt þrifnaðarfólk slyssist til að taka þau til handargagns og dengi þeim í næstu ruslafötu.

Sjaldan hefur verið meiri nauðsyn en nú á því að færa í lög og samþykktir félagasamtaka ákvæði um skjalagerð, skjalavörslu og frágang skjalasafna.

T.d. ákvæði um:

1. Að einn stjórnarmaður gegni hlutverki skjalavarðar félagsins og framfylgi sem slíkur samþykktum félagsins um skjalavörslu þess. Hann skili svo skjölunum til eftirmanns síns með formlegum hætti við stjórnarskipti, t.d. á fundi og það sé þá bókað í gerðabók félagsins með innfærslu skilagreinar eða tilvísun til hennar.
2. Að fundargerðir séu ritaðar skipulega á réttan hátt í gerðabók og allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar skv. gildum fundarsköpum og með gildum undirskriftum. Séu þær skráðar í tölvu skal fært í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær hann var haldinn, fundarslit og blaðsíðufjöldi útprintaðrar fundargerðar. Skal tölvufærð fundargerð prentuð út með blaðsíðutölum í réttri töluröð og dagsetningu á hverri blaðsíðu (t.d. á fyrstu síðunni: 23. desember 2009 1/3, á annari síðunni: 23. desember 2009 2/3 og á síðustu síðunni: 23. desember 2009 3/3) undirrituð af fundarmönnum og skal formaður og ritari færa upphafsstafi sína undir hverja af fremri blaðsíðum fundargerðarinnar. Fundargerðirnar skal svo varðveita með gerðabókinni.
3. Að félagaskrá liðins árs sé prentuð út fyrir aðalfund, staðfest með undirritun ábyrgðarmanns og lögð í skjalasafn félagsins.
4. Að bókhaldsdagbók (hreyfingarlisti) hvers reikningsárs sé prentuð út (t.d. fyrir aðalfund) og staðfest með undirritun gjaldkera.
5. Að eigin útgáfa félagsins í einu til tveimur eintökum, sem ekki yrðu til daglegrar notkunar, sé varðveitt á einum stað í skjalasafni félagsins.

6. Að önnur skjöl t.d. ljósmyndir, basarbækur o.fl. séu varðveitt í skjalasafninu.

Gott skjalahald skiptir jafn miklu máli og gott fjárhagsbókhald í félagsstarfi. Það er allra hagur.

Um skrána

Skrá þessi er saman tekin úr upplýsingum frá hverju héraðsskjalasafni fyrir sig, sem um sumt eru samræmdar.

Með skjalasöfnum af öðrum uppruna en beint frá kvenfélögum eða félögum kvenna hefur stundum borist slæðingur af skjölum þeim tengdum og jafnvel úr skjalasöfnum þeirra og er þess ekki getið sérstaklega hér í þessum skrá. Hér eru aðeins talin skjöl sem afhent hafa verið beinlínis sem skjalasafn eða hluti skjalasafns þess kvenfélags sem um ræðir hverju sinni. Héraðsskjalasöfnin kunna því að geta veitt nánari fyrirgreiðslu um skjöl er tengjast starfsemi kvenfélaga eða félaga kvenna. Að þessu leyti er skráin ekki tæmandi.

Mörg skjalasöfnin eru skráð nánar þar sem þau eru varðveitt en fram kemur í þessari skrá og áhugasömum um ýtarlegri upplýsingar er bent á að hafa samband við það héraðsskjalasafn er í hlut á.

Enn skal hnykk á því að viðbúið er að fleiri skjalasöfn kvenfélaga bætist í héraðsskjalasöfnin á næstu mánuðum og árum.

Ákveðið var að láta hér til viðbótar fylgja upplýsingar um þau skjalasöfn kvenfélaga sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni Íslands í viðauka. Kvennasögusafn Íslands varðveitir einnig skjöl kvenfélaga og félaga kvenna og vísast til þess um þau.

Kópavogi á Þorláksmessu 2009

Hrafn Sveinbjarnarson, héraðsskjalavörður Kópavogs

1. Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Egilsstöðum, stofnað 1976

Umdæmi þess er Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð (sjá þó um Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar), Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur.

Tíu skjalasöfn. Þar af afhentu tvö félög skjöl í tilefni af áttakinu, Bláklukka og Hlíf. Alls 1,4 hm. Þar af 0,14 hm í áttakinu.

Öll félögin sem um ræðir eru á Fljótsdalshéraði nema Kvenfélag Vopnafjarðar og Kvenfélagið Hlíf. Fleiri félög hafa boðað afhendingu skjala í umdæmi skjalasafnsins.

Kvenfélag Vallahrepps, stofnað 6. febrúar 1907, skjöl frá árunum 1907-1973 (0,07 hm)

Afhending árið 1997. Hrepp 9/ Val 37

Fundargerðir 1907-1959

Reikningabækur 1929-1973

Sjóðsbók 1954-1973

Félagatöl 1932, 1937, 1940, 1943, 1944-1945, 1950-1951

Kvenfélagið Bláklukka, Egilsstöðum, stofnað 27. febrúar 1948, skjöl frá árunum 1947-2007 (0,63 hm)

Afhendingar árin 1997, 1998, 2000, 2008 og 2009. Stofn 61/ Blákl. 1-9.

Fundargerðir 1947-2006

Reikningabækur 1947-2002

Sjóðsbækur 1965-1992

Reikningar vegna jólatréskemmtana 1966-1974

Kaffisölubók 1964-1975

Gögn formanns og skýrslur 1988-1991/1995-1997

Félagatöl 1947, 1958, 1977 og 1995

Gestabók 1974-1996 / 2001-2007

Viðurkenningar

Bréf

Kvenfélagið Dagsbrún í Fellahreppi, stofnað 28. júlí 1912, skjöl frá árunum 1912-1992 (0,14 hm)

Afhendingar árin 1984, 1992 og 2001 Hrepp 6/ Fel 15 og Fel 29

Fundargerðir 1912-1992

Skýrslur um starf félagsins 1962-1969, 1971, 1973, 1980-1984

Viðskiptabók 1917-1943

Bréf

Kvenfélag Skriðdæla, stofnað 18. febrúar 1933, skjöl frá árunum 1933-1975 (0,07 hm)

Afhending árið 2002 Hrepp 8/ Skr 6

Fundargerðir 1933-1949 / 1954-1975

Handrit að sögu félagsins (1956) og lög þess

Viðskiptabók 1934-1982

Bréf

Saga félagsins og lög þess

Bréf

Kvenfélag Vopnafjarðar, stofnað 12. febrúar 1907, skjöl frá árunum 1907-1970 (0,07 hm)

Afhending árið 1981. Hrepp 2/ Vop 16

Fundargerðir 1907-1970

Kvenfélagið Einingin, Fljótsdalshreppi, stofnað 11. júlí 1909, skjöl frá árunum 1909-1960 (0,14 hm)

Afhendingar árin 1985 og 1992 Hrepp 7/Flj 12 og Flj 14

Fundargerðir 1909-1960

Handskrifað blað félagsins 1932-1948

Kvenfélag Eiðapinghár, stofnað 15. mars 1953, skjöl frá árunum 1953-1965 (0,07 hm)

Afhendingar árin 1991 og 2004 Stofn 52/ KvEi 1

Fundargerðir 1953-1965

Sjóðsbækur 1953-1985

Handrit með frásögn af undirbúningi og stofnun félagsins (1957)

Kvenfélag Tunguhrepps, stofnað 13. ágúst 1926, skjöl frá árunum 1926-1990 (0,07 hm)

Afhendingar árin 1998 og 2003 Stofn 63/ KTun 1

Fundargerðir 1926-1973/1984-1990.

Bók yfir tekjur og gjöld árið 1926

Reikningabók 1926-1949 / 1973-1976

Sjóðsbók 1953-1956

Félagatal 1953

Lög félagsins (frá 1926)

Kvenfélag Hlíðarhrepps, stofnað 11. ágúst 1926, skjöl frá árunum 1926-1952 (0,07 hm)

Afhendingartími óviss. Hrepp 3/ Hlí 8

Fundargerðir 1926-1952

Kvenfélagið Hlíf, Breiðdal, stofnað 18. júlí 1961, skjöl frá árunum 1961-1989 (0,07 hm)

Afhending árið 2009 Stofn 146/ Hlíf 1

Fundargerðir 1961-1988

Reikningshald félagsins 1961-1989

2. Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar (Skjala- og myndasafn Norðfjarðar), stofnað 1979

Umdæmi: Neskaupstaður

Eitt skjalasafn. Alls 0,15 hillumetrar. Skjöl þessi voru komin á safnið fyrir átaksverkefnið, von er á að meira komi.

Kvenfélagið Nanna, Norðfirði, stofnað 27. janúar 1907, skjöl frá árunum 1907-1977 (0,15 hm)

A – Fundargerðir

Fundargerðabækur (þrjár) 1907-1916, 1922-1941, 1922-1974.

B – Bréf og fleira

1977, 1978, 1984.

C – Bókhaldsskjöl

Fylgiskjöl 1963-1976.

Sjóðbók félagaskrá 1958-1962.

Óflokkuð fylgiskjöl 1940-1975.

Sjóðbók, Mæðrastyrktarsjóðs 1935-1961.

G – Gestabók

Félagsstarf aldraða 1977-1983.

R – Ræður

Ræðusafn 1938.

Y – Ýmislegt

Blaðagreinar 1985, 1987.

3. Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, Höfn, stofnað 1965

Umdæmi þess er Sveitarfélagið Hornafjörður. Það nær yfir Austur-Skaftafellssýslu.

Sjö skjalasöfn. Þar af afhentu tvö félög skjöl í tilefni af átakinu, Ósk og Vaka.

Alls 0,9 hm. Þar af 0,17 hm í átakinu.

Kvenfélagið Tíbrá, Höfn, stofnað 8. febrúar 1924, skjöl frá árunum 1924-1992 (0,1 hm)

Afhending 1999. 0,1 hillumetri

A – Gerðabækur félagsins 1924-1984

B – Skýrslur yfir störf nefnda 1977-1991

C – Mætinga- og gestabækur 1979-1992

Kvenfélagið Vaka, Nesjum, stofnað 18. febrúar 1945, skjöl frá árunum 1945-1990 (0,15 hm)

Afhending 1980. 0,03 hillumetrar

A – Gerðabækur félagsins 1945-1970

Afhending 6. maí 2009. 0,05 hillumetrar

A – Gerðabók 1971-1989

B – Nefndabók 1970-1990

Afhending 26. ágúst 2009. 0,07 hillumetrar

A – Reikningar og fylgiskjöl

B – Merki sem seld voru til fjáröflunar

C – Nokkrar ræður formanna við ýmis tækifæri

Kvenfélagið Eining, Mýrum, stofnað 22. janúar 1937, skjöl frá árunum 1937-1985 (0,05 hm)

Afhending 1992. 0,05 hillumetrar

A – Gerðabækur félagsins 1937-1985

Kvenfélagið Ósk, Suðursveit, stonfað 6. október 1946, skjöl frá árunum 1946-1993 (0,05 hm)

Afhending 4. maí 2009. 0,05 hillumetrar

A – Gerðabækur félagsins 1946-1993

B – Reikningar 1946-1993

Samband austur-skaftfellskra kvenna (SASK), stofnað 12. maí 1947, skjöl frá árunum 1946-1988 (0,25 hm)

Afhending 2001. 0,25 hillumetrar

A – Gerðabækur sambandsins 1946-1988

B – Gerðabækur orlofsnefnda 1961-1970

C – Reikningar 1947-1978

D – Skýrslur kvenfélaganna í sýslunni 1947-1970

Slysavarnadeildin Framtíðin (kvennadeild), Höfn, stofnuð 1954, skjöl frá árunum 1954-1994 (0,05 hm)

Afhending 2001. 0,05 hillumetrar

A – Gerðabækur 1954-1994

Lionessuklúbburinn Kolgríma, Höfn, stofnuð 1986, skjöl frá árunum 1986-1992 (0,25 hm)

Afhending 2004. 0,25 hillumetrar

A – Gerðabækur 1986-1992

B – Annálar 1986-1992

C – Reikningar 1986-1992

D – Bréf 1986-1992

4. Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, Skógum, stofnað 1988

Umdæmi þess er Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Rangárþing eystra, Ásahreppur og Rangárþing ytra. Þetta eru öll sveitarfélög í Rangár-
vallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

Eitt skjalasafn. Alls 0,07 hillumetrar.

Kvenfélagið Von, Dyrhólahreppi, stofnað 3. mars 1929, skjöl frá
árunum 1929-1992 (0,07 hm)

Afhending 25. apríl 2004. 0,07 hillumetrar.

Gjörðabækur (þrjár) 1929-1942, 1943-1979 og 1980-1992.

Ársreikningabók 1929-1988.

5. Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja, stofnað 1980

Umdæmi þess er Vestmannaeyjabær.

Eitt skjalasafn kvenfélags er varðveitt í Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja. Það er skjalasafn Kvenfélagsins Líknar í Vestmannaeyjum, og var það afhent skjalasafninu í tengslum við átaksverkefnið, 8. október 2009. Alls 0,5 hm.

Kvenfélagið Líkn, stofnað 14. febrúar 1909, skjöl frá árunum 1909-1995 (0,5 hm)

Afhending 8. október 2009. 0,5 hillumetrar

A – Gjörðabækur

Fundargerðabækur (tíu) 1909-1995

B – Bókhald

Reikningabækur (fjórar) 1909-1979

Kassabækur (þrjár) 1913-1959

Listi yfir muni í eigu K.L. 1963-1984

Ýmsar gjafir K.L. 1919-1959

Gjafir og reikningsyfirlit K.L. 1960-1974

Gamalmennaskemmtun K.L. 1947-1959

Fyrsta des. nefnd K.L. 1960-1961

C – Handrit (saga félagsins)

Kvenfélagið Líkn 50 ára : 1909-1959 (ritari Þorsteinn

Jónsson, Laufási)

Saga K.L. 1909-1959: í tilefni 50 ára afmæli þess

Réttarhjálp mæðrastyrksnefndar, eftir Laufeyju

Valdimarsdóttur

D – Handit (leikrit)

Fagra malarakonan í Marley

Frá Árósum til Kaupmannahafnar

Nýgiftu hjónin 1

Nýgiftu hjónin 2

Æfintýri í Rosenborgargarði

6. Héraðsskjalasafn Árnesinga, Selfossi, stofnað 1985

Umdæmi þess er Árborg, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus.

Prettán skjalasöfn. Þar af afhentu átta félög skjöl í tilefni af átakinu (eru þau hér talin síðast). Alls 3,98 hm. Þar af 3,15 hm í átakinu.

Kvenfélag Eyrarbakka, stofnað á Gvöndardag 1888, skjöl frá árunum 1888-1995 (0,4 hm)

Afhending 1990/4, 25. mars 1990. 0,1 hillumetrar.

Bókhald, ársreikningar félagsins og sjóða þess og fleira 1888-1967.

Afhending 1998/10, 6. Mars 1998. 0,25 hillumetrar.

A – Fundargerðabækur

AA - Gjörða- og kassabækur (nú) 1912-1995.

B – Bréfasafn

BB - Bréf 1888-1992.

C – Bókhald

C – Bókhald, ársreikningar félagsins og sjóða þess og fleira 1967-1983.

D – Listar

D – Áramótalistar 1904-1938.

Afhending 2000/21 6. júní 2000. 0,05 hillumetrar.

Höfuðbók ljósbaða 1934-1965.

Viðskiptabók 1947-1965.

Kvenfélag Villingaholtshrepps, stofnað 27. október 1917, skjöl frá árunum 1917-1983 (0,1 hm)

Afhending 2001/35 30. október 2001. 0,05 hillumetrar.

A – Gjörðabækur

A – Gjörðabækur (fjórar) 1917-1983.

Afhending 2009/48, 24. september 2009. 0,05 hillumetrar.

A – Ekknasjóður Krístrúnar Gísladóttur og Jóns Gestssonar 1941-1985.

B – Bréf og fleira

BA – Bréf, greinaskrif, dagbók formanns o.fl. 1970-2000.

C – Viðurkenningar

C – Viðurkenningar frá firmakeppni Sleipnis 1984-1992.

Kvenfélag Hraungerðishrepps, stofnað 5. mars, skjöl frá árunum 1930-2000 (0,15 hm)

Afhending 1998/38, 19. október 1998. 0,05 hillumetrar.

Gjörðabækur (þrjár) 1933-1981.

Afhending 2002/71, 1. nóvember 2002. 0,05 hillumetrar.

Húsmæðrafræðslusjóður 1951-1991.

Ljósmynd af kvenfélagskonum, tekin á Þingvöllum 1930.

Afhending 2008/57 11. júní 2008. 0,05 hillumetrar.

Gjörðabók félagsins 1982-2000.

Gestabók félagsins 1980-2000.

Kvenfélag Selfoss, stofnað 4. mars, skjöl frá árunum 1948-1976 (0,1 hm)

Afhending 1994/21, 28. apríl 1994. 0,1 hillumetrar.

A – Gjörðabækur

Fundargerðabækur (sex) 1948-1987.

B – Bókhald

Sjóðbók Sjúkrahússjóðs Kvenfélags Selfoss, Reikningabók. 1949-1974.

Kvenfélagið Bergþóra, Ölfusi, stofnað 3. maí, skjöl frá árunum 1927-1994 (0,08 hm)

Afhending 1997/21, 20. maí 1997. 0,05 hillumetrar.

A – Gjörðabækur

AA – Fundagjörðabækur (sjö) 1927-1983.

B – Bréfasafn

BB – Bréfasafn. Fundagerðir og ársreikningar 1927-1937.

Afhending 1997/53, 11. nóvember 1997. 0,03 hillumetrar.

A – Gjörðabækur

AA – Fundagjörðabók 1983-1994.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps, stofnað 1918, skjöl frá árunum 1968-2004 (0,05 hm)

Afhending 2009/48, 24. september 2009. 0,05 hillumetrar.

A – Gjörðabækur

AA – Fundagjörðabækur (þrjár) 1968-2004.

B – Skýrslur

BA – Starfsskýrsla 1984-1999.

Kvenfélag Stokkseyrar, stofnað 7. mars 1904, skjöl frá árunum 1904-1980 (0,15 hm)

Afhending 2009/49, 1. október 2009. 0,15 hillumetrar.

A – Gjörðabækur

AA – Fundagjörðabækur (fimm) 1904-1980.

B – Bréf og fleira

BA – Bréf, lög, söguágrip o.fl. 1944-1977.

C – Bókhald

CA – Sjóðabækur (fjórar) 1904-1976.

D – Minningarsjóður Sigríðar Eiríksdóttur ljósmóður

D – Bók yfir gjafir, teikning af barmmerki o.fl. 1955-1982.

E – Annað

E – Ógildar bankabækur (þrjár), borðfáni o.fl.

Kvenfélag Skeiðahrepps, stofnað 21. júní 1908, skjöl frá árunum 1908-1992 (0,05 hm)

Afhending 2009/50, 12. október 2009. 0,05 hillumetrar.

A – Gjörðabækur

AA – Fundagjörðabækur (fjórar) 1908-1992.

B – Bókhald

BA – Sjóðabækur (tvær) 1908-1965.

Samband Sunnlenskra kvenna, stofnað 30. september 1928, skjöl frá árunum 1928-1999 (1 hm)

Afhendingar 1995/39, 1998/40, 1999/10, 2006/47 og 2007/7.

A – Gjörðabækur

Fundagjörðabækur (10) 1928-1990.

B – Bréfasafn

Bréf, ársskýrslur, o.fl. 1928-1979.

C – Bókhald

Aðalbækur, sjóðbækur og fleira. 1931-1997.

D – Annað efni

Ársrit SSK 1999.

Kvenfélag Biskupstungna, stofnað 24. janúar 1929 (0,7 hm)

Afhending 2009/53, 12. október 2009. 0,7 hillumetrar.

Bíður skráningar.

Kvenfélag Gnúpverjahrepps, stofnað 28. apríl 1929 (0,15 hm)

Afhending 2009/55, 28. október 2009. 0,15 hillumetrar.

Bíður skráningar.

Kvenfélag Þorlákshafnar, stofnað 9. maí 1964 (0,35 hm)

Afhending 2009/56, 10. nóvember 2009. 0,35 hillumetrar.

Bíður skráningar.

Kvennalistinn á Suðurlandi, stofnaður 1986 (0,7 hm)

Afhending 2009/54, 1. október 2009. 0,7 hillumetrar.

Bíður skráningar.

7. Héraðsskjalasafn Kópavogs, stofnað 2000

Umdæmi þess er Kópavogsbær.

Tvö skjalasöfn. Þar af afhenti eitt félag skjöl í tilefni af átakinu, Kvenfélagasamband Kópavogs. Alls 3,92 hm. Þar af 0,3 hillumetrar í átakinu.

Kvenfélag Kópavogs, stofnað 29. október 1950, skjöl frá árunum 1950-2006 (3,03 hm)

Afhending 29/2007, 28. ágúst 2007. 0,01 hillumetrar

Fundarboð á stofnfund félagsins sem var haldinn 29. október 1950.

Afhending 33/2007, 1. nóvember 2007. 2,17 hillumetrar

A – Fundargerðir

AA – Fundargerðabækur félagsins (sjö) 1950-1999

AB – Fundargerðabækur stjórnar (fjórar) 1950-1981

B – Bréf og fleira

B – Bréf, fylgiskjöl fundargerða og fleira 1950-2006

C – Bókhaldsskjöl

C – Færslubækur (tvær), reikningar og kvittanir 1950-2004

D – Samkomuskrár

DA – Fundarsóknarbækur (fjórar) 1950-1992

DB – Þátttakendabók yfir ferðir og námskeið 1971-1988

E – Basarbækur

E – Basarbækur (sjö) 1964-2001.

F – Eigin útgáfa

F – Afmælisrit félagsins 1970 og 1990. Símaskrá félagsins 2003.

Afhending 5/2008, 7. apríl 2008. 0,55 hillumetrar.

A – Fundargerðabók stjórnar félagsins 1982-1993

B – Basarbók 1984-1989

Afhending 24/2008, 12. september 2008. 0,3 hillumetrar.

A – Fundargerðabók stjórnar félagsins 1993-2002

Minningarsjóður Áslaugar Katrínar Pétursdóttur Maack, stofnaður 29. janúar 1952, lagður niður 1. janúar 2002, skjöl frá árunum 1952-2004 (0,19 hm)

Afhending 23/2005, 8. desember 2004. 0,19 hillumetrar. Trúnaðarskjöl.

A – Fundargerðabækur stjórnar (tvær) 1968-2001

B – Bréf og fleira 1980-2004

C – Minningargjafa og sölubækur (sex) 1958-2001

D – Tekju og útgjaldabækur (þrjár) 1958-2001

Kvenfélagasamband Kópavogs, stofnað 9. febrúar 1967, skjöl frá árunum 1967-2007 (0,7 hm)

Afhending 35 /2007, 7. nóvember 2007. Um 0,4 hillumetrar.

Bíður skráningar. Þrjár fundargerðabækur sambandsins 1967-1971.

Fundargerðabók fótisnyrtinefndar aldraðra 1969-1993. Færslubók fótisnyrtinefndar aldraðra 1969-1993. Bréf og fleira 1972-1994.

Bókhaldsskjöl 1985-1998.

Afhending 5 /2009, 28. apríl 2009. Um 0,3 hillumetrar.

Bíður skráningar. Bréf og fleira 1998-2007.

8. Borgarskjalasafn Reykjavíkur, stofnað 1954

Umdæmi þess er Reykjavík.

10 skjalasöfn. Þar af afhenti eitt félag skjöl í tilefni af átakinu. Alls 7,02 hm. Þar af 0,2 hm í átakinu.

Húsmæðrafélag Reykjavíkur, stofnað 1908, skjöl frá árunum 1915-1932 (0,02 hm)

Afhendingartími óþekktur. Einkaskjalasafn nr. 1

Fundargerðabók 1915-1919;

Lög Húsmæðrafélags Reykjavíkur.

Meðlimalisti 1915.

Ársskýrsla heimilisiðnaðarfélags Íslands 1925 og 1932 og kort 1939.

Zontaklúbbur Reykjavíkur, stofnaður 16. nóvember 1941, skjöl frá árunum 1960-1987 (0,3 hm).

Afhendingar 1985 og 1986. Einkaskjalasafn nr. 24

Bréfa- og málasafn 1960-1987.

Bréf vaðandi Zontaklúbbinn, samskipti við lækna, mál fatlaðra barna, skólamál, opnun heyrnarstöðvar.

Ljósmyndir.

Kvenfélagið Esjan, stofnað 2. mars 1958, skjöl frá árunum 1958-1994 (0,8 hm)

Afhending 15. sept. 1998. Einkaskjalasafn nr. 123

Fundargerðabækur 1966-1993.

Bréfa- og málasafn 1977-1994.

Bókhald 1958-1992.

Ljósmyndir.

Kvenfélag Óháða safnaðarins í Reykjavík, stofnað 28. mars 1950, skjöl frá árunum 1955-1973 (0,1 hm)

Afhending 30. september 1998. Einkaskjalasafn nr. 128

Lög félagsins 1957.

Nafnaskrár 1955-1998.

Bókhald 1950-1973.

Íþróttafélag kvenna, stofnað 7. október 1934, skjöl frá árunum 1934-1995 (0,6 hm)

Afhending 28. ágúst 2002. Einkaskjalasafn nr. 232

Fundargerðabækur 1934-1987.

Félagatal 1934-1935.

Gestabækur 1969-1977.

Bókhald 1971-1999.

Ljósmyndir 1994.

Sinawik – Félag eiginkvenna Kiwanismanna, stofnað 13. mars 1969, skjöl frá árunum 1969-1998 (0,8 hm)

Afhending 4. maí 2002. Einkaskjalasafn nr. 261

Fundargerðabækur 1969-1994.

Bréfa- og málafn 1969-1996.

Gestabækur 1973-1998.

Eldliljur – Eiginkonur brunavarða á Slökkviliðstöðinni í Reykjavík, stofnað 13. febrúar 1977, skjöl frá árunum 1977-2000 (0,6 hm)

Afhending 16. ágúst 2005. Einkaskjalasafn nr. 304.

Fundargerða- og viðskiptamannabækur 1977-1985.

Bréfa- og málafn 1977-2000.

Gestabækur 1977-1999.

Bókhald 1986-2000.

Ljósmyndir 1978-1986.

Landssamtök ITC á Íslandi (Málfreyjur), stofnað 1975, skjöl frá árunum 1975-2007 (3 hm)

Afhendingar 2007 og 2008. Einkaskjalasafn nr. 356

Fundargerðabækur 1975-2000.

Bréfa- og málafn 1975-2007.

